

# „Einu sinni var ég svo blankur að ég átti ekki fyrir mat“

Rakel Sveinsdóttir skrifar 5. nóvember 2023 08:00



Allir sem hafa áhuga á hönnun þekkja nafn Eyjólf Pálssonar í Epal. Sem stofnaði fyrirtækið árið 1975, fyrst í bilskúr og hefur í áratugi talað óþreytandi fyrir íslenskrri hönnun. Eyjólfur er uppátækjasamur með eindæmum, og leynir á sér sem rómantíker.

VÍSIR/VILHELM

„Mamma sendi mér styrkinn úr lánasjóðnum í umslagi með pósti. Hún pakkaði peningunum inn í álpappír,“ segir Eyjólfur Pálsson stofnandi Epal þegar hann rifjar upp námsárin sín í Danmörku.

„Einu sinni var ég svo blankur að ég átti ekki fyrir mat, því peningarnir voru ekki komnir með pósti. Ég ákvað því að fara í sendiráð Íslands og athuga hvort ég gæti fengið aðstoð. Þar tók á móti mér maður sem útskýrði fyrir mér að því miður aðstoðaði sendiráðið ekki fólk í aðstæðum sem þessum,“ segir Eyjólfur og bætir við:

„En síðan seildist hann í veskið sitt, spurði hvað mig vantaði mikið, rétti mér nokkra hundraðkalla og sagði: „Þú borgar mér bara til baka þegar þú ert búinn að fá peningana þína.“

Eyjólfur segir þessa aðstoð mannsins hafa haft mikil áhrif á sig.

„Æ síðan hef ég reynt að lifa eftir því að reyna að endurgjalda það sem maður sjálfur fær. Ég veit ekkert hvað þessi maður hét. En ég hef oft um ævina hugsað til hans.“

*Í helgarviðtali Atvinnulífsins að þessu sinni fáum við að heyra sögu Eyjólf Pálssonar, sem fyrir hartnær hálfri öld stofnaði fyrirtækið Epal. Fáir þekkja ekki til nafnsins hans, að minnsta kosti sá hópur fólks sem hefur áhuga á íslenskrri hönnun og arkitektúr.*

„Ég er samt ekki kennari. Ég er hins vegar prédikari,“ segir Eyjólfur síðar í samtalinu. Til útskýringar á því hvers vegna hann brennur alltaf

fyrir því að tala fyrir íslenskri hönnun.



Eyjólfur ólst með Mórtu systur sinni upp hjá einstæðri móður sem Eyjólfur segir hafa unnið ótrúlegustu störf. Í mörg ár var hann sendur austur á land í sveit á vorin og kom þaðan aftur á haustin.

## Æskuminningarnar

Eyjólfur er fæddur þann 27.júní árið 1946, sonur Elísabetar Pétursdóttur og Páls Eyjólfssonar. Páll starfaði sem leigubílstjóri, fyrst hjá Litla bíl, síðar á Hreyfli. Móðir hans vann við ótrúlegustu störf að sögn Eyjólfssonar, en hjá henni ólst hann upp.

„Foreldrar mínir skildu fljótlega eftir að Marta systir mín fæddist og frá þriggja ára aldri var ég sendur í sveit í Fljótsdal þar sem ég var í tíu sumur. Fyrst fór ég með föðursystur mínum með strandferðaskipunum á vorin, en síðar fór ég að fara einn með rútu og stoppaði þá á Blönduósi, Akureyri og víðar og reyndi þá að vera hjá einhverjum sem ég þekkti til.“

Enda Fljótsdalur dalur í Fljótsdalshéraði á Austurlandi, kenndur við Lagarfljót sem um hann rennur og það tók því um þrjú daga að ferðast þangað með rútu frá Reykjavík.

Eyjólfur segir að það sé alltaf sveitin sem komi í hugann þegar hann hugsar til góðra minninga í æskunni.

„Það var ýmislegt að gera þar, teyma hesta með bagga, reka kýrnar og fleira og fleira. Ég held líka að amma og afi hafi haft góð áhrif á mig,“ segir Eyjólfur og vísar þar til foreldra föður síns.



Þegar Eyjólfur var sendur í sveitina í Fljótsdal tók það um þrjá daga að ferðast þangað með rútu. Fyrst fór hann þó þangað með föðursystur sínum með strandferðaskipunum. Lengi stundaði Eyjólfur síðan að fara alltaf austur í smalamennsku þegar hann var orðinn fullorðinn.

Í mörg ár stundaði Eyjólfur það að fara í göngur og hestaferðir á þessum slóðum eftir að hann varð fullorðinn.

„Smalamennskan náði að skila því að maður hreinsaði hugann, en varð sjálfur grútskítugur.“

Eyjólfur bjó þó víðar en í Reykjavík.

„Mamma var kokkur á síldarbat um tíma og þénaði þá einn kvart hlut sem var dágóður peningur á þeim tíma,“ segir Eyjólfur, með tilvísun í þá gósentíð sem ríkti þegar síldarævintýrið var og hét.

Tíu ára fór Eyjólfur í Laugarnesskóla og enn heldur hann tengslum við fólk sem hann kynntist þar. Gagnfræðibrautin var í Vogaskóla en eftir það fór Eyjólfur í húsgagnasmíði.

„Jón Péturson húsgagnasmiður á Vesturgötunni tók mig í nám. Hann var reyndar ekki með meistararéttindi og fékk því annan til að kvitta upp á að vera það.“

Á þessum árum var húsgagnasmíði á Íslandi mjög mikil og verkstæði til smíða víða um landið.



Sambýliskona Eyjólfis er Ingibjörg Þóra Gunnarsdóttir og segir Eyjólfur frá afar skemmtilegri sögu af því þegar þau kynntust. Eyjólfur viðurkennir að í gegnum árin hafi hann oft nánast gleymt konum og fjölskyldu því allt hefur gengið út á Epal og að tala fyrir hönnunarvörum.

VÍSIR/VILHELM

## Eyjólfur og Danaveldið

Í texta sem lesa má í bók sem gefin var út um Epal þegar fyrirtækið var þrjátíu ára má sjá eftirfarandi lýsingu sem Pétur heitinn Lúthersson skrifaði um Eyjólf:

„Mér er sagt að mætir menn úr húsgagnaiðnaði í Danmörku að þeir hafi ekki haft mikla trú á Eyjólf Pálssyni þegar hann ungur maður sýndi áhuga á að eiga þar viðskipti. Hann stóð gjarnan á lengdar og beið meðan þeir hlustuðu á fagurgala og væntingar um milljóna viðskipti annarra

kaupenda. Hann lagði síðan fram hæverska pöntun. Það spurðist fljótt í þröngum hópi danskra framleiðanda og brátt kepptust þeir um að eiga við hann viðskipti.“

Það er einmitt með ólíkindum hversu stórt og mikið nafn Eyjólfur er í Danmörku. Þangað hélt hann til náms í húsgagnaarkitektúr 21 árs gamall.

Fyrsta árið lærði hann dönsku en fór svo í nám í innanhús arkitektúr.

Aðeins tólf nemendur komust að í skólann á ári.

„Ég vissi ekki að margir sem sóttu um á sama tíma og ég, höfðu einnig sótt um árinu áður en ekki hlotið inngöngu. Okkur var tilkynnt að klukkan 10 á föstudegi yrði nafnalisti hengdur upp í anddyrinu og þá kæmi í ljós hverjir kæmust að,“ segir Eyjólfur.

„Þangað mætti ég á tilsettum tíma og las yfir nöfnin á listanum. Og viti menn: Þarna stóð Eyjólfur Pálsson. Sem betur fer. Því að ég var ekki með neitt plan B.“

Á meðan Eyjólfur var í námi í Danmörku fæddist eldri sonur hans, Kjartan Páll.

Á þessum tíma skrifaði maður bréf og sendi heim.

Ég hringdi þó einu sinni en það var þegar Kjartan fæddist.

Þá fór ég á símstöðina á járnbrautastöðinni, hringdi í mömmu og sagði:

Þú ert orðin amma.“

Móðir Eyjólfur geymdi öll bréfin sem hann sendi heim og þau á hann því sjálfur í dag, vel geymd í kassa.

„Einhvern tíma ætla ég að gefa mér tíma til að skoða þessi bréf og lesa hvað ég var eiginlega að segja mömmu á þessum tíma.“



77 ára gengur lífið enn að miklu leyti út á Epal og þangað er Eyjólfur mættur eftir sund alla morgna klukkan 8. Hann segist þó vera að reyna að fara fyrr heim á daginn og gerir það með því að smygla sér út bakdyrarnum.

VÍSIR/VILHELM

Til Danmerkur sótti Eyjólfur mikið viðskipti sín fyrst eftir að hann stofnaði Epal. Og þar hefur hann á ferli sínum skapð sér virðingu og sess á meðal jafningja í faginu.

Um Eyjólf segir Knud Werming hjá Erik Jörgensen í fyrrgreindri bók:

„Eyjólfur gafst ekki upp og var frá byrjun sannkallaður eldhugi sem barðist fyrir skilningi manna og virðingu fyrir hönnun. Hann mætti mótspyrnu en lét það ekki á sig fá, hann er sannur trúboði og hefur alla tíð verið.“

Til að setja tengingu Eyjólfss við Danaveldi í enn betra samhengi má nefna að árið 1986 hlaut Eyjólfur viðurkenninguna Landsforeningens Dansk arbejdes diplom og Prins Henriks æres medalie sem prins Hendrik afhenti honum.

„Mér þykir mjög vænt um þetta. Enda er ég mjög danskur í mér.“

Árið hlaut 2001 Eyjólfur síðan enn aðra orðu, möbelprisen, þá afhenta af krónprinsinum Fridrik. Sú viðurkenning var veitt sem viðurkenning fyrir sölu- og kynningarstarf Eyjólfss á danskri hönnun í gegnum tíðina.

„Þetta er mesti heiðurinn sem að hægt er að fá í dönskum húsgagnaiðnaði og aðeins tveir aðrir útlendingar hafa hlotið til viðbótar við mig,“ segir Eyjólfur.

„Ég hef reyndar hitt þau öll,“ segir Eyjólfur allt í einu spöskur á svip. Því til viðbótar við að hafa hitt feðgana, hitti Eyjólfur Jóakim prins og eiginkonu hans þegar þau komu í heimsókn til Íslands árið 2016.

„Þau sögðust sérstaklega vilja skoða Hörpuna sem arkitektúr og síðan íslenska hönnun í Epal,“ segir Eyjólfur og brosir.

„Árið 2014 var ég síðan með Guðna Th. forseta og fleirum í opinberu boði dönsku konungsfjölskyldunnar. Þar voru mér úthlutaðar fjórar mínútur til að spjalla við Margrétu drottningu.“

Viðskiptatengsl Eyjólfss við Danmörku hafa líka haldist í áratugi. Í fyrrgreindu viðtali við Knud Warming segir Knud:

„Samvinnan sem við höfum átt við Epal á góðum tímum og slæmum hefur alltaf staðist. Segi Eyjólfur já, þýðir það já og segi hann nei, þýðir það nei.“

Í nýlegu viðtali við Eyjólf í Viðskiptablaðinu segir Eyjólfur síðan um reksturinn.

„Þegar maður sér hvað er að gerast í kringum okkur þá þarf maður að passa sig og vera varkár,“ og vísar þar til að mörgum kollegum hans á Norðurlöndunum hafi til að mynda ekki gengið ýkja vel.

Á meðan Epal hefur í áraraðir talist til eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum Íslands samkvæmt mælingum Creditinfo.

*En hvernig hófst allt þetta Epal ævintýri?*



Tengsl Eyjólfss við Danmörku eru mikil þótt það fylgi sögunni að Danir hefðu nú ekki haft mikla trú á honum í upphafi viðskipta. Það átti þó sannarlega eftir að breytast. Eyjólfur finnst vænt um þær orðveitingar sem hann hefur fengið frá Dönum, enda segist hann svolítið danskur í sér.

VÍSIR/VILHELM

## **E-PAL**

Nafnið EPAL er tilvísun í nafn Eyjólfss: E fyrir Eyjólfur. PAL fyrir Pálsson.

Fyrirtækið stofnaði hann árið 1975 og var reksturinn fyrstu árin í bílskúr að Hrístateig 47.

„Við vorum með opið frá klukkan 14-18,“ segir Eyjólfur.

Sjálfur var hann að vinna annars staðar. Því með laununum sínum þar hafði hann efni á að greiða starfsmönnum Epal laun og leysa út vörur.

Að stofna Epal var þó ekkert hugmynd sem Eyjólfur fékk strax eftir námið í Danmörku. Því þá byrjaði hann á að starfa þar á teiknistofu.



„Ég var að vinna hjá mjög skemmtilegum aðila sem var forríkur maður sem átti fullt af fasteignum. Þetta var mjög skemmtilegur vinnustaður þar sem við borðuðum öll saman á föstudögum. Ég man eftir fyrsta föstudagshádeginu mínu því þá dró karlinn upp Harald Jensen snafs og í stuttu máli varð ég bara eins og broddgöltur eftir þann snafs. Svo mikið risu hárin á handleggnum,“ segir Eyjólfur og skellihlær.

Eyjólfur ákvað þó að halda heim til Íslands eftir um tvö ár. Enda mikil gróska enn í húsgagnasmíði á Íslandi.

Það glittir í glampa í augum Eyjólfss þegar hann rifjar upp fyrstu verkefni sín á Íslandi. Verkefni sem voru á vegum Gunnars Ingibergssonar innahúsarkitekts í Ráðherrabústaðnum, eignum ríkisins á Þingvöllum, á hótél Borg og víðar.

„Það sem mér hefur fundist mjög vænt um að komast að á síðustu árum er að sumt af því sem maður teiknaði á þessum tíma stendur enn óhreyft og nákvæmlega eins og maður teiknaði það á sínum tíma,“ segir Eyjólfur og nefnir nokkur dæmi.

„Það sem ég teiknaði fyrir barnaskólann í Vík var árið 1975 þegar ég starfaði hjá Hróbjarti Hróbjartssyni og Geirharði Þorsteinssyni arkitektum er til dæmis óbreytt. Því löngu síðar fór ég þangað og bað um að fá að skoða skólann. Þar voru þá allir sömu litirnir og innréttingarnar sem ég hafði teiknað á sínum tíma og það fannst mér dásamlegt að sjá.“

Annað dæmi sem Eyjólfur nefnir er verkefni sem hann teiknaði árið 1977.

„Kona kom að tali við mig í Epal og sagðist hafa hús í Seljahverfi sem ég hefði teiknað innréttingarnar í. Ég spurði hvort það væri ekki búið að breyta öllu en þá svaraði hún: Nei við keyptum húsið vegna þess að þar er ekki búið að breyta neinu,“ segir Eyjólfur og bætir við:

„Ég fékk eiginlega bara sting í magann því það er eitthvað svo magnað að heyra hvað verk eftir mann geta lifað lengi.“



## Skeggið af og flutningar

Það er einmitt þessi brennandi ástríða fyrir hönnun sem einkennt hefur Eyjólf alla tíð. Svo mikla ástríðu hefur hann haft fyrir hönnun og rekstri Epal að hann viðurkennir að hafa of oft í gegnum tíðina gleymt öllu öðru.

Enda þrífur maður. Kjartan Páll eignaðist hann með Guðbjörg Kjartansdóttur árið 1969 en yngri soninn Dag árið 1982 með Margréti Ásgeirsdóttur.

Lengi vel fór Eyjólfur ekki framhjá neinum. Enda var hann með skegg niður á nafla í 20 ár!

„Strákarnir voru alltaf að biðja mig um að klippa af mér skeggið. Þeir voru til dæmis farnir að gefa mér alls kyns rakaradót í jólagjöf til að losa mig við það,“ segir Eyjólfur og hlær.

Að sjálfsögðu tengdist það hönnun þegar Eyjólfur loks lét verða að því að klippa skeggið af.

Því það var í tilefni opunar á hönnunarsýningu sem haldin var í Epal í Faxafeni árið 1991 sem Eyjólfur lét loks verða að því.

Og þá fyrir framan 300 manns!

Ég og Hallgrímur Ingólfsson vorum að ræða um hvað við gætum gert sniðugt á opnunni.

Þegar Hallgrími dettur í hug að við myndum láta klippa af mér skeggið!

Mér leist strax vel á hugmyndina en sagði að ég yrði að ræða þetta við eiginkonuna fyrst, hún hefði auðvitað ekki séð mig skegglausan í tuttugu ár.“

Auðvitað stóð fólk ekki aðeins agndofa, þegar skeggið var klippt af heldur rataði fréttin meira að segja í DV svo merkilegur þótti gjörningurinn.

„Á opunarviðburðum er algengast að borðar séu klipptir. En hjá okkur var það Villi Þór rakari sem kom allt í einu upp á svið og klippti af mér skeggið,“ segir Eyjólfur og er greinilega skemmt af minningunni.





Eyjólfur fékk danskan vin sinn til að kaupa húsnæði Epals í Faxafeni og leigði hjá honum um tíma. Þegar leigan hækkaði keypti hann húsnæði Epals í Skeifunni en Epal er núna starfsrækt þar, í Kringlunni, Smáralind, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Laugavegi og í Gróðurhúsinu í Hveragerði. VÍSIR/VILHELM

### *En hvernig komu húsnæðisflutningar Epal til?*

„Við fluttum fyrst frá Hrístateig í Síðumúlann og þar vorum við í nokkur ár. Starfsmenn voru um fjórir til fimm í búðinni að jafnaði,“ segir Eyjólfur.

„Árið 1986 sæki ég um að byggja hús í Faxafeni og sá fyrir mér að byggja það í tveimur áföngum. Ég fékk lóðina en átti að byggja það í heilu lagi sem ég hafði auðvitað enga burði til. Ég fór nú samt af stað og fékk Manfreð Vilhjálmsson með mér í það verk að teikna húsið.“

Manfreð hlaut síðar menningaverðlaun DV fyrir teikninguna af húsinu.

„Það var einhver góður Landsbankabankastjóri sem lánaði mér pening en ég réði samt ekkert við þetta og fékk því góðan danskan vin til að kaupa húsið. Sá var húsgagnaframleiðandi sem hafði eitt sinn sagt við mig að hann vildi eiga hús í öllum höfuðborgum Norðurlandanna. Þannig að ég spurði hann bara: Viltu þá ekki kaupa hús Epal?“

Þegar húsaleigan hækkaði um 15% einhverjum árum síðar, sagði Eyjólfur upp leigusamningnum og keypti húsnæði Epals í Skeifunni, þar sem verslunin er enn til húsa.

Epal er einnig staðsett á Laugavegi, í Kringlunni, Smáralind, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og í Gróðurhúsinu í Hveragerði.

„Ég hef reyndar alltaf sagt að við vildum verða best en ekki stærst,“ segir Eyjólfur.

Þótt margt hafi breyst síðan verslunin var fyrst stofnuð, er enn haldið í þau gildi og markmið sem Eyjólfur setti sér árið 1975.

„Þegar að ég var að velja hlutina fyrir Epal fyrstu árin hugsaði ég alltaf út frá því hvort mig langaði til að eiga hlutinn á mínu heimili eða ekki. Auðvitað hefur maður fært út kvíarnar síðan og vöruúrvalið orðið mun

meir en það áður var. En í grunninn er þessi stefna enn við lýði: Við veljum inn flotta hönnun sem að maður væri til í að eiga sjálfur.“



Trúðamyndin var tekin af ljósmyndara án vitundar Eyjólfss, en augnablikið er síðasta mínútan áður en Eyjólfur hitti Ingibjörgu á blindu stefnumóti í Hljómskálagarðinum. Spákona hafði þá þegar sagt honum að þar myndi hann hitta flotta konu og í sumar sendi Eyjólfur Ingibjörgu SMS og bað hana um að hitta sig aftur á bekknum góða. Því þá voru 10 ár frá því að þau hittust fyrst.

## Ástin

Þótt ástríðan fyrir hönnun sé mikil hjá Eyjólfvi er ekki hægt annað en að spyrja hann líka út í ástarmálin sjálf.

*Hvernig var skemmtanahaldi til dæmis háttað þegar hann var ungur maður í Reykjavík?*

„Maður fór á böllin í Glaumbæ og ég viðurkenni að hafa verið nokkuð iðinn í Þórskaffi um tíma. Því að ég lærði gömlu dansana og þeir voru dansaðir þar. Ég var líka svo heppinn að vera að vinna hjá smið sem var að vinna fyrir hótél Borg. Sem þýddi að ég þekkti starfsfólkið þar og það hleypti mér inn bakdyramegin þótt ég væri ekki kominn á aldur,“ segir Eyjólfur sposkur á svip.

Eyjólfur og Guðbjörg móðir Kjartans byrjuðu saman áður en Eyjólfur fór út í nám. Fyrst hélt hann því utan einn, en síðar kom hún og þar fæddist Kjartan Páll eins og áður sagði.

„Ég viðurkenni alveg að ég hafi í gegnum tíðina kannski einbeitt mér of mikið af vinnunni og fyrir vikið kannski gleymt konum og fjölskyldu,“ segir Eyjólfur íbygginn á svip.

Eyjólfur á þó afar rómantíska sögu til að segja frá.

Það var þegar hann kynntist Ingibjörgu Þóru Gunnarsdóttur, núverandi sambýliskonu sinni.

„Ég var búinn að vera einn í fimm ár þegar mér er sagt frá því að klukkan 15 þann 3.júlí árið 2013 myndi ég setjast á bakk í Hljómskálagarðinum og hitta stutthærða flotta konu,“ segir Eyjólfur og

vísar þar til konu sem tekur spámiðlun fyrir hann reglulega, byggða á indverskri stjörnuspeki.

„Ég hef hitt þessa á fjögurra mánaða fresti í yfir tuttugu ár og þannig fæ ég alltaf smá innsýn í hvað er að fara að gerast hjá mér næstu þrjá mánuðina. Og það hefur alltaf staðist það sem hún segir,“ útskýrir Eyjólfur og bætir við að hann hafi líka vísað fjöldanum öllum af öðru fólki til hennar.

„Þetta stóðst auðvitað, því þann 3.júlí fór ég á blint stefnumót og átti að hitta konuna við bekkinn hjá styttunni af Jónasi Hallgrímssyni klukkan þrjú. Ég var kominn nokkuð fyrr, sé tvær konur ganga á móti mér og hugsaði: Nú er það svona hjá henni. Hún hefur tekið vinkonu sína með sér....“

Svo reyndist þó ekki vera því konurnar gengu framhjá Eyjólfvi.

„Það var eitthvað mikið um að vera þennan dag því þarna voru fullt af trúðum. Án þess að ég hefði hugmynd um það, var ljósmyndari á svæðinu sem smellir af mér mynd, umkringdum litskrúðugum trúðum.“

Nokkrum mínútum síðar hittir Eyjólfur síðan Ingibjörgu, sem mætti klukkan þrjú og úr varð að eftir nokkur skipti tóku þau saman sem par.

„Um haustið vorum við Ingibjörg á ljósmyndasýningu í Gerðasafni í Kópavogi þegar Ingibjörg segir við mig: Eyjólfur, það er mynd af þér þarna með fullt af trúðum.“

Þarna var þá myndin komin sem smellt hafði verið af Eyjólfvi.

„Ég keypti réttinn af þessari mynd og við eigum hana því í dag. Enda stórmerkileg því þetta er í rauninni síðasta mínútan í mínu lífi án Ingibjargar,“ segir Eyjólfur og brosir.

En enn leynir hann þó á sér því allt í einu segir hann.

**Núna í sumar voru síðan komin tíu ár frá þessu stefnumóti.**

**Þann 3.júlí sendi ég Ingibjörgu því SMS og bað hana um að hitta mig aftur við bekkinn klukkan þrjú.**

**Þegar hún kom þangað beið ég hennar með kampavín og glös.“**



Árið 2008 tók Kjartan Páll eldri sonur Eyjólfss við framkvæmdastjórakeflinu í Epal og viðurkennir Eyjólfur að það hafi tekið hann smá tíma að hætta að horfa yfir öxl Kjartans. Þegar viðtalið var tekið, var Kjartan staddur erlendis en með Eyjófli á mynd er yngri sonur hans, Dagur.

VÍSIR/VILHELM

## Kynslóðaskipti í Epal

Árin fyrir hrun voru frábær ár og árið 2007 byggir Eyjólfur ofan á húsið í Skeifunni.

Þá á Epal líka húsnæðið við hliðina á, þar sem Everest er til húsa.

„Fasteignasali sem er vinur minn hringdi og sagði að einhver hefði ætlað að kaupa húsið en væri að guggna á því. Hvort ég vildi ekki bara kaupa. Ég spurði þá: Hvað þarf ég að gera til þess að geta það? Þá svaraði hann: Þú þarft að eiga 18 milljónir og mæta á fund klukkan tvö.“

Árið 2008 tók Kjartan sonur Eyjólfss við framkvæmdastjórarstarfinu.

„Hann kom inn með fullt af þekkingu því hann lærði markaðsfræði í Bandaríkjunum.“

Margt erfitt fylgdi þó tímabilinu eftir bankahrun.

„Veltan dróst saman um 50%. Við vorum sautján sem störfuðum hér og þurftum að segja sjö manns upp. Þetta er erfiðasti tíminn sem ég ef upplifað.“

Hann segir tímenn líka hafa verið afar lærdómsríkan fyrir Kjartan, sem tekur við rekstrinum þegar kreppa skellur á eftir mikinn góðæristíma.

„Á móti kemur að hann byrjaði á botninum og það hefur því allt verið upp á við síðan þá,“ segir Eyjólfur spöskur á svip.

„Ég hef aldrei átt mikinn pening en aldrei tekið mikið af lánum og við pössum okkur alltaf að vera varkár.“

*En hvernig gekk þér að afhenda Kjartani keflið?*

„Eflaust hef ég mikið verið að kíkja yfir öxlina á honum fyrst um sinn. En þegar ég sá að hann var alveg að skilja hugmyndafræði Epal fór

maður að sleppa tökunum. Auðvitað þurftum við svolítið að ræða saman fyrst og það tók tíma fyrir mig að hætta að skipta mér að. En hann sér í dag um markaðs- og fjárhagsþættina, á meðan ég einbeiti mér að hönnunarþættinum.“

Nafn Eyjólfsson og Epal hefur tíðum verið nefnt í fjölmiðlum. Til dæmis er varla hægt að finna fréttir um Hönnunarmars nema að nafn Eyjólfsson komi þar einhvers staðar fram.

Þá hafa þær verið ýmsar uppákomurnar. Til dæmis ætlaði allt um koll að keyra um tíma þegar hinu umdeilda orði Epal-hommarnir var fleygt fram, enda þótti orðið fela í sér mikla fordóma.

Eyjólfur sneri þó vörn í sókn því úr varð snilldarleg auglýsingaherferð sem Brandenburg auglýsingastofan vann til verðlauna fyrir síðar.



**Epal með snilldarlega auglýsingu eftir umræðu vikunnar - Vísir**

Viðtal Sindrá Sindrasonar við Töru Margréti Vilhjálmsdóttur í vikunni hefur verið á milli tannanna á fólki.

visir.is / Oct 3, 2017

Uppátæki Eyjólfsson virðast þó af ýmsum toga. Til dæmis gaf hann út 72 blaðsíðna hefti um gömul hús með fleiri félögum sínum. Hugmynd sem kviknaði á göngu um borgina þar sem Eyjólfur velti fyrir sér hvers vegna borgin gæfi ekki út einhverja litapalliettu fyrir gömlu húsin í bænum.

„Síðan segir vinur minn við mig: Hvers vegna gerir þú þetta ekki sjálfur?“ og úr varð fyrrgreint hefti sem innifelur heilmikinn fróðleik um gömlu húsin í borginni og hlaut 250 þúsund króna styrk frá Húsfriðunarnefnd.

Eyjólfur hefur látið til sín taka í umræðunni um að vernda íslenska hönnun og forðast eftirlíkingar. En einnig að fólk og fyrirtæki nýti gamla hluti.

„Ég man þegar ég var í aðsendri grein að hrósa Landsbankanum og Alþingi fyrir að nota gömul og vönduð húsgögn í nýjum húsakynnum frekar en að skipta öllu út, að einn félagi minn spurði: Eyjólfur er þetta nú ekki frekar galið? Þú ert sjálfur að selja nýja hluti,“ segir Eyjólfur og útskýrir að það sé ekki málið. Frekar eigi viðhorfið að vera að bera virðingu fyrir fallegum hlutum og fallettri hönnun.



Þá vakti það athygli árið 2022 þegar Epal greiddi hálfa milljón fyrir forlata stól í Góða hirðinum og reyndist vera dönsk hönnun frá sjötta áratugnum. Stólnum fylgdi afar hjartnæm saga sem lesa má um hér:



#### Rándýr stóll Góða hirðisins loksins kominn með heimili - Visir

Saga rándýra hönnunarstólsins sem var til sölu hjá Góða hirðinum fékk farsælan endi í dag. Stóllinn hefur hlotið sannkallaða yfirhalingu og var í dag gefinn til góðgerðasamtaka.

[visir.is /](https://visir.is/)

Árið 2011 var Eyjólfur útnefndur heiðursiðnaðarmaður  
Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur.

„Mér þótti afar vænt um að fá þessa viðurkenningu. Þegar mér var tilkynnt um þau sagði ég samt: Bíddu hvað er að ykkur? Ég er ekki einu sinni í húsgagnasmíði. En fékk það svar að ég ætti þetta inni því það hefðu fáir talað jafnmikið fyrir faginu og ég.“

Umrædd verðlaun voru afhent af Ólafi Ragnari Grímssyni, fyrrum forseta.

Þótt Eyjólfur sé á áttæðisaldri, snúast dagarnir enn að mestu um Epal.

„Ég mæti í sund klukkan hálf sjö á morgnana í Laugardalslauginni. Síðan er ég kominn hingað um átta leytið og fæ þá frið og ró til að fara yfir tölvupósta og svona.“

Eyjólfur segist þó vera að reyna að minnka við sig.

*Hvernig ertu að vinna að því?*

„Ég er að reyna að fara heim fyrr á daginn. Fer þá út bakdyramegin því ef ég fer fram í búð þá hitti ég alltaf fyrir einhvern sem ég þekki.“

Enda viðskiptavinir Epal mjög tryggildir að sögn Eyjólfss.

Svo margar sögur hefur Eyjólfur að segja að ekki er hægt að tiltaka þær allar hér. Langflestar þeirra snúast þó um að koma íslenskri hönnun á framfæri.

„Ég keypti til dæmis lagerinn af íslenskri hönnun sem var til sýnis í þrjá daga í íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn og setti hana upp hér. Við sýndum þessa hluti í Epal í þrjár vikur,“ segir Eyjólfur og enn glittir í



þennan glampa í augunum sem alltaf sést þegar talið berst að fallettri hönnun.

Aðspurður um það hvort eitthvað standi upp úr í hönnun sem hefur verið til sölu í Epa! í gegnum tímann segir Eyjólfur.

„Nei því mér finnst alltaf eins og þá sé ég að gera upp á milli barnanna minna.“

Tvö ár eru nú í að fyrirtækið verði hálftrar aldar gamalt.

Að því tilefni verður blásið í alla lúðra og er hugmyndin sú að halda upp á fimmtugsafmæli fyrirtækisins allt árið 2025.

„Við ætlum að vera með fullt af sérsníðuðum hönnunarvörum sem við erum að fá fólk til að sérhanna fyrir okkur í tilefni afmælisins. Það verða þá 50 eintök framleidd af hverjum hlut,“ segir Eyjólfur hinn ánægðasti.

*Fáum við þá kannski í lokin að heyra eitthvað meira um það sem væntanlegt er á afmælisárinu?*

„Nei,“ svarar Eyjólfur og brosir í kambinn.

„Við erum ekki farin að opinbera neitt hlut enn.“